# YFIRLÝSING UM LANDAMERKI

## MILLI VÍFILSMÝRA OG HÓLS Í FIRÐI Í ÍSAFJARÐARBÆ

---

Landamerki **Vífilsmýra** með landeignanr. L141032 annars vegar og **Hóls í Firði** með landeignanr. L141006 hins vegar hafa verið hnitsett. Lýsingu á legu landamerkjanna er að finna í meðfylgjandi uppdrætti (fylgiskjal 1) en hann lýsir sameiginlegum skilningi núverandi landeigenda framangreindra jarða um legu merkjanna.

Fullt samkomulag er meðal landeigenda að skipta landinu á þann hátt sem fram kemur á uppdrættinum (fylgiskjal 1) þar sem landamerki milli þeirra hafa verið sett inn með hnitum.

Í *Landamerkjabók Ísafjarðarsýslu 1883-1958* er að finna eftirfarandi í lýsingum jarðanna:

***Flateyri d. 23 maí 1890.***"

**Landamerki Hóls í firði nr. 241** Mosvallahreppi.
A. Milli *Tungu* og *Hóls*: Eftir *Tunguá*, sem rennur í norður af *fjallsbrún* og að *árfarvegi* þeim, er sjá má við neðstu rönd holta þeirra, sem liggja utanverðu við *Tunguá* á móts við *Tungubæ* ofanvert.
**B. Milli *Hóls* og aðliggjandi jarða: Er *Hestá* áframhaldandi merki út að svonefndri *Breiðeyri*, sem er austanvert við *Hestá*. Þar er merkið eftir svonefndu *Breiðeyrarmerki* og í *Sýki*. Úr *Sýkinu* beint vestan í *Hestá* í hornið á *girðingu* þeirri sem ræður.**
C. Merkjum milli *Hóls* og *Vífilsmýrar*. Þau eru eftir *girðingu* þeirri sem liggur frá *Hestá* og upp í *einhamar* sem stendur í " *Koltulág* " og eftir sjónhending þaðan beint í *fjallsbrún*.
***Hóli 10. júlí 1921.***"

**Landamerki Vífilsmýra nr. 132 í Mosvallahreppi.**
„a. Milli *Hóls* og *Vífilsmýra*. *Einhamar* er stendur á *Kolturlág* að bera í *fjallsbrún* og frá honum sjónhending eptir *steinaröð* niður í *Hestá*. Síðan er *Hestá* merki milli aðliggjandi jarða.
**b. Milli kotsins *Betaníu* og *Vífilsmýra* er *þverá* eða *lækur* er rennur í *Hestá* innanvert við *Betaníu*.**
*Vífilsmýrar* eiga slægjur miklar austan vert við *Hestá*, á svokölluðum *Eyrum* yfir að *Korglænu* og inn fyrir *Hrossakrók*. ***Flateyri 23 maí 1890.***"

**Landamerki *Vífilsmýra* nr. 242 í Mosvallahreppi.**
**„a. Milli kotsins *Betaníu* og *Vífilsmýrar* er *Þverá* eða *lækur*, er rennur (í) *Hestá* innanvert við *Betaníu*.**
*b. Vífilsmýrar* eiga slægjur austanvert við *Hestá* á svokölluðum *Eyrum*, yfir að *Kvíglænu*, sem eru aðgreindar með *gaddavírsgirðingu* þeirri, er liggur frá *Kvíglænu* inn með svokölluðum *Fluguparti* og inn fyrir *Hrossakrók*.
c. Milli *Kroppstaða* og *Vífilsmýra* er *Hestá* utan eyri sú, sem *Vandeyri* er nefnd er liggur austan við *Hestá* og er aðskilin með girðingu.
d. Merkin milli *Hóls* og *Vífilsmýra*: Þau eru eftir girðingu þeirri sem liggur frá *Hestá* og upp í "*Einhamar*" sem stendur beint á "*Kollulág*" og eftir sjónhendingu þaðan beint á *fjallsbrún*. ***Vífilsmýrum 11 júlí 1921.***"

Í landamerkjayfirlýsingu þessari hafa landamerki á milli Vífilsmýra og Hóls í Firði í Ísafjarðarbæ verið hnitsett í samræmi við ofangreindar lýsingar.

J.G.J M.H.G.
f.h. sýslu [signature]

**FRAMKVÆMD HNITSETNINGAR**

**Hnitakerfi**: Landshnitakerfi, viðmiðun ISN93

**Aðferð og uppruni hnita:**
Myndkort Loftmynda ehf. Með 50 cm greinihæfni byggt á loftmyndum teknum árin 2011/2017. Nákvæmni 1m.

**Skýringar:**
**Hnit:** **X** hnit jafngildir austurhniti (lengdarbaugur / austurás).
**Y** hnit jafngildir norðurhniti (breiddarbaugur / norðurás).
**Punktar:** Hér er sett inn skammstöfun fyrir kennileiti á korti

**Hnitpunktar:**

| **VÍFILSMÝRAR - HÓLL Í FIRÐI** | | **HfV** | |
|---|---|---|---|
| **Nr. Punkts** | **X-hit** | **Y-hnit** | **Lýsing** |
| KrHfV | X=302856.5280 | Y=615537.7644 | Sameiginlegt hnit Kroppstaða, Hóls í Firði og Vífilsmýra |
| HfV-1 | X=302934.9352 | Y=615521.0551 | |
| HfV-2 | X=302815.8023 | Y=615407.4682 | |
| HfV-3 | X=302342.2224 | Y=614955.9350 | Einhamar |
| HfV-4 | X=301733.7920 | Y=614652.7469 | |
| HfVKb | X=301383.0308 | Y=614528.0922 | Sameiginlegt hnit Hóls í Firði, Vífilsmýra og Kirkjubóls í Bjarnardal |

J.B.J. M.H.G.

FH sýslu

## UNDIRSKRIFTIR

**Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar**

______________________________

**Heiða Hrund Jack kt. 051178-4759**

**Eigendur Hóls í Firði**

______________________________ ______________________________

**Jensína Ebba Jónsdóttir kt. 080747-7219** **Magnús Hringur Guðmundsson kt. 1[illegible]0547-2569**

**Eigendur Vífilsmýra**

______________________________

**F.h. Sytru ehf. kt. 620405-1160, Einar Örn Björnsson**

**Vottar að réttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði**

18.04.2021 ______________________________ 18.04.2021 ______________________________